



Elizabeth Avedon

Sjálfstætt starfandi sýningarstjóri og greinahöfundur „L’oeil de la Photographie.”

Elizabeth hefur einnig hlotið verðlaun og viðurkenningar fyrir hönnun ljósmyndasýninga og útgáfuverkefna. Þar á meðal má nefna yfirlitssýninguna og bókina, „Avedon: Photographs 1949-1979“ fyrir Metropolitan Museum of Art í Dallas, og “Richard Avedon: In the American West” fyrir Amon Carter Museum, the Corcoran Gallery of Art, og The Art Institute of Chicago, ásamt fjölda annarra sýninga. Einnig hefur hún hlotið verðlaun fyrir sýningarhönnun fyrir the Estate of Diane Arbus, de Menil Collection, Leica galleríin í Texas og New York. Avedon er eftirsóttur ráðgjafi hjá ljósmyndurum þar sem hún sér um ritstjórn fyrir þá, myndröðun og ráðleggur þeim við sýningar þeirra, bækur og möppugerð.

Avedon hefur áhuga á að skoða sem fjölbreyttustu tegundir ljósmyndunar, heildstæð verkefni sem gerð eru út frá einstakri sýn allt frá myndlist, portrettum, landslagi, heimildaljósmyndun og blaðaljósmyndun.



Pirkko Siitari

Deildarstjóri sýninga við HAM Helsinki Art Museum. Hún er einnig aðalritari Ars Fennica stofnunarinnar.

Pirkko er fyrrum safnstjóri Kiasma samtímalistasafnsins (2010-2015) þar sem hún var einnig aðalsýningastjóri á árunum 2008-2010. Frá 2004-2008 var hún safnstjóri Kerava Art Museum og frá 1999-2004 vann hún sem aðalsýningarstjóri Finnska ljósmyndasafnsins í Helsinki. Þar áður var hún í níu ár safnstjóri Northern Photographic Centre í Oulu, Finnlandi.

Á meðal margra verkefna hennar á sviði sýningarstjórnunar má nefna Tom of Finland (Kunsthalle Helsinki 2016) Robert Mapplethorpe (Kiasma 2015), Alfredo Jaar (Kiasma 2014), ARS11 Africa in Contemporary Art (Kiasma 2011), Common Things – Finnish and Swedish Contemporary Art (Kiasma 2010), Tracking Traces, Kiasma collection exhibition (Kiasma 2009), It's a Set Up, Kiasma collection exhibition (Kiasma 2010) Black and White – Japanese Photography (Ateneum Art Museum 2008).

Pirkko vill skoða ljósmyndir sem gerðar eru listrænu samhengi og einnig þær sem tengjast pólitískum (skiljist á mjög víðan hátt!) og félagslegum spurningum.



Jens Friis

Sjálfstætt starfandi sýningarstjóri, ljósmyndasagnfræðingur og útgefandi/ritstjóri tímaritsins KATALOG – Journal of Photography & Video (www.katalog-journal.com)

Jens Friis er með MA gráðu i listasögu með áherslu á ljósmyndun. Hann hefur verið virkur meðlimur í starfi Gallery Image í Árósum í Danmörku og vann áður í Hamiltons, sölugalleríi í London þar sem hann seldi list-ljósmyndir. Frá 2003-2016 var hann sýningarstjóri yfir ljósmyndasafneign Museet for Fotokunst í Óðinsvéum í Danmörku ásamt því að vera listrænn meðstjórnandi dönsku ljósmyndahátíðarinnar FotoTriennale.dk sem safnið setti á fót. Á sama tíma var hann einnig aðalritstjóri tímaritsins KATALOG – Journal of Photography & Video sem safnið stóð að og sá um útgáfu á. KATALOG, sem nú er á sínu 28 ári, hefur verið gefið út sjálfstætt af Jens Friis frá árinu 2015. KATALOG er hluti af Nordic Photo Festival Network og evrópska samvinnuverkefninu Paralell.

Sem rithöfundur hefur Jens skrifað fjölda greina fyrir tímaritið. Hann var einnig með innlegg í bókina Dansk Fotografihistorie [Dönsk ljósmyndasaga] sem kom út árið 2004 og kaflann um danska ljósmyndun í þriðja bindi The History of European Photography 1970-2000 sem kom út 2016. Hann er í nokkrum alþjóðlegum tilnefningarnefndum til verðlauna sem og í ráðgjafanefnd spænska tímaritsins EXIT.

Jens Friis hefur áhuga á að skoða allar tegundir ljósmyndunar og sjónrænna miðla – prentefni, bækur, vídeó, innsetningar osfr. Hann ræðir verk þín og gæti gefið þér ráð hvernig þú getur þróað þig sem listamaður. Hann gæti einnig komið í kring útgáfu á efni þínu í tímaritinu KATALOG sem og þátttöku í samsýningum og hátíðum.



Maya Byskov

Sjálfstætt starfandi fræðimaður sem hefur áhuga á tengingum milli fagurfræði og félagslegra kenninga.

Maya hefur verið stjórnandi samtímalistagallerís í Berlín, listrænn stjórnandi listamiðstöðvar sem og sjálfstætt starfandi sýningarstjóri, ritstjóri og rithöfundur fyrir margar sýningar og sýningarskrár. Hún er með MSc í hagfræði.

Maya vill skoða allar tegundir ljósmyndunar en hefði ef til vill sérstakan áhuga á að skoða verk sem fjalla um félagslegan raunveruleika í sinni víðustu mynd, út frá hugtaki eða fagurfræði.



Jenny Nordquist

Listrænn stjórnandi Landskrona Foto Festival í Svíþjóð sem er árleg hátíð fyrir listræna samtímaljósmyndun

Frá því að hátíðin var stofnuð fyrir fimm árum hefur hún fest sig í sessi sem alþjóðlegur miðpunktur fyrir ljósmyndara og áhugafólk um ljósmyndun. Verk þekkra listamanna eru sýnd samhliða nýjum upprennandi nöfnum og margar myndanna sem sýndar eru hafa aldrei áður hafa komið fyrir sjónir almennings í Svíþjóð né í Skandinavíu.

Jenny er einnig yfirmaður listadeildar listaskóla í Svíþjóð, listamaður og kennari í ljósmyndun og gagnrýnum kenningum. Frá 2011-2016 rak hún gallerírými fyrir listljósmyndun í Kaupmannahöfn. Hún er með MA í Image and Communication frá Goldsmiths University í London og BA í ljósmyndun frá London College of Communications.

Jenny hefur áhuga á að skoða fjölbreytt úrval af listrænni samtímaljósmyndun og heimildaljósmyndun þar sem jafnt hefðbundinni, óhefðbundinni, blandaðri tækni er beitt sem og margs konar aðferðum, þar með talið vídeó og nýmiðlun. Hún hefur áhuga á myndefni sem er á jaðri ljósmyndunar, jafnt fagurfræðilega sem hugmyndalega. Hún hefði ánægju af að hitta fyrir hugsanlega sýnendur á komandi hátíðum, vill gjarnan sjá verkefni í vinnslu jafnt sem fullgerð og getur veitt viðkomandi gagnrýni, innsýn og yfirsýn.



Beate Cegielska

Listrænn stjórnandi Galleri Image í Árósum

Beate Cegielska hefur frá árinu 1990 verið sýningarstjóri fjölmargra samsýninga og einkasýninga danskra og alþjóðlegra listamanna í Evrópu, Suður Kóreu, Kína og Indlandi. Hún hefur einnig til fjölda ára tekið þátt sem rýnandi í mismunandi alþjóðlegum ljósmyndahátíðum víðs vegar um heiminn.

Galleri Image er sýningarrými sem ekki er rekið í hagnaðarskyni. Markmið þess er að breiða út þekkingu á hágæða ljósmyndun sem list með því að sýna bæði danska og alþjóðlega ljósmyndalist og vídeólist. Galleriíð, sem stofnað var í Árósum árið 1977, er elsta sýningarrými fyrir ljósmyndun sem list í Skandinavíu sem ekki er rekið í hagnaðarskyni. Raunar var það til margra ára eina ljósmynda listgalleriíð í Danmörku. Galleri Image hefur á undanförunum 40 árum hlotið alþjóðlega athygli vegna sýninga sinna og hefur sitt af mörkum við að auka skilning á ljósmyndun sem mikilvæga og sjálfstæða grein innan myndlistar.

Beate hefur áhuga á að rýna allar tegundir frábærra ljósmyndaverkefna, fyrir utan auglýsingaljósmyndun. Hún hefur einnig áhuga á að skoða vídeóverk.



Ágústa Kristófersdóttir

Forstöðumaður Hafnarborgar, menningar og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar.

Ágústa starfaði sem framkvæmdastjóri Safnaráðs og áður sem sýningarstjóri Þjóðminjasafns Íslands og deildarstjóri sýningardeildar Listasafns Reykjavíkur. Hún hefur einnig unnið við kennslu, sem stundakennari og leiðbeinandi við Listaháskóla Íslands, stundakennari við Háskóla Íslands og Ferðamálastólaskóla Íslands.

Hennar helstu sýningarstjórnunarverkefni eru: Maður og borg, 2001. Byggt yfir hugsjónir. Breiðholt frá hugmynd að veruleika, 2002. Ég gerði þetta ekki. Þorvaldur Þorsteinsson (einnig í Göteborgs Konsthall), 2004. Láttu ekki viðkvæmt útlit mitt blekkja þig. Bjargey Ólafsdóttir, 2005. Hvernig borg má bjóða þér? 2005 (allar í Listasafni Reykjavíkur). Send í sveit, 2007. Með tyggjó og túberað hár, 2007. Ljósmyndari Mývetninga – mannlífsmyndir Bárðar Sigurðssonar frá upphafi 20. aldar 2011, Kistlar og stokkar, 2011. Ásfjall, Pétur Thomsen, 2011. Tízka – kjólar og korselett, 2012 (allar í Þjóðminjasafni Íslands). Ýmsar sýningar úr safneign Hafnarborgar. Bygging sem vera & borgin sem svið. Egill Sæbjörnsson (2016) Ummerki vatns. (2016)

Ágústa er með MA gráðu í safnafræði frá Háskóla Íslands, nam listfræði við Háskólann í Lundi og BA próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands.



Bára Kristinsdóttir

Ramskram, Reykjavík.

Bára Kristinsdóttir hefur lengi verið tengd ljósmyndalífinu á Íslandi. Hún starfaði sem atvinnuljósmyndari um árabil en undanfarin ár hefur hún unnið að þematengdri ljósmyndalist. Árið 2015 setti hún á fót Ramskram, sýningarrými tileinkað samtímaljósmyndun sem ekki er rekið í hagnaðarskyni.

Bára hefur átt sæti í ýmsum ráðum og nefndum á sviði ljósmyndunar. Hún var í sveinsprófsnefnd Tækniskólans, hefur verið í rýnihóp Ljósmyndaskólans undanfarin misseri og er ein af stofnendum FÍSL – Félagi íslenskra samtímaljósmyndara. Bára hefur tekið þátt í fjölmörgum einka- og samsýningum hérlendis og erlendis.

Bára hefur áhuga á að skoða alla samtímaljósmyndun fyrir utan auglýsingaljósmyndun. Hún hefði ánægju að því að hitta fyrir hugsanlega sýnendur í Ramskram.



Birta Guðjónsdóttir

Deildarstjóri sýningardeildar Listasafns Íslands

Birta starfar sem deildarstjóri sýningardeildar Listasafns Íslands. Árið 2015 stýrði hún, ásamt þremur öðrum, Momentum-Norræna tvíæringnum í samtímamyndlist í Moss, Noregi. Á árunum 2009-2011 var hún safnstjóri Nýlistasafnsins í Reykjavík og frá 2008-2009 listrænn stjórnandi sýningarýmisins 101 Projects í Reykjavík. Árið 2008 vann hún sem aðstoðarmaður sýningarstjóra á MuHKA; Museum of Contemporary Art í Antwerpen, Belgíu. Hún tók þátt í Nordic Baltic Curatorial Platform verkefninu, skipulagt af FRAME í Finnlandi á tímabilinu 2007-2008. Hún vann sem sýningarstjóri í SAFNI, samtímalistasafni í einkaeigu í Reykjavík frá 2005-2008.

Birta hefur verið sjálfstæður sýningarstjóri um þrjátíu sýninga í Basel, Berlín, Boden, Kaupmannahöfn, Osló, Melbourne, New York, St. Pétursborg og í flestum listasöfnum og listrymum á Íslandi. Árið 2011 tók hún þátt í Curatorial Intensive program hjá ICI; Independent Curators International í New York og The Cornwall Workshop, skipulagt af Tate Museum St. Ives. Hún hefur verið í ráðgjafanefndum hjá Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og Listaháskóla Íslands. Frá 2002 hefur hún starfrækt heimagalleríið Gallerí Dvergur í Reykjavík. Hún er meðlimur í IKT – Alþjóðlegum samtökum sýningarstjóra samtímalistar (International Association of Curators of Contemporary Art.)

Birta hefur áhuga á hitta þá sem sjá sig sem myndlistarmenn, eða sjá íslenska og erlenda myndlistarvettvanginn fyrir sér sem sýninga- og innblásturs-umhverfi fyrir eigin verk.

Harpa Þórsdóttir

Safnstjóri Listasafns Íslands

Listfræðingurinn Harpa Þórsdóttir er safnstjóri Listasafns Íslands. Hún er fyrrum safnstjóri Hönnunarsafns Íslands og fyrrum deildarstjóri sýninga við Listasafn Íslands. Hún hefur verið sýningarstjóri margra list- handverks- og hönnunarsýninga héraðs og erlendis. Harpa hefur skrifað fjölda bóka- og tímaritagreina. Á meðal útgefins efni eftir hana eru „Gjörningar, tímatengd verk og myndbandslist“ í Íslenskri Listasögu bindi nr. 5 (2011), Jólaskeiðin : íslensk hönnun og smíði 1946-2008 (2008) og „Ofið með íslenskri ull, Júlíana Sveinsdóttir“ (2003)

Harpa er í stjórn Norrænna vatnslitasafninu (Nordiska Akvarellmuseet) í Svíþjóð.

Inga Lára Baldvinsdóttir

Safnvörður Ljósmyndasafns Íslands (Þjóðminjasafni).

Inga Lára Baldvinsdóttir hefur starfað við ljósmyndavarðveislu í Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni í aldarfjórðung. Á þeim vettvangi hefur hún unnið að ljósmyndasýningum, gefið út og ritstýrt ljósmyndabókum og skrifað greinar um íslenska ljósmyndasögu.

Inga Lára hefur áhuga að skoða flestar tegundir ljósmyndunar.

Kristín Hauksdóttir

Verkefnastjóri Ljósmyndasafni Reykjavíkur (Borgarsögusafn)

Kristín hefur starfað hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur frá árinu 2002 og er verkefnastjóri safneignar og þjónustu. Hún hefur unnið við uppsetningar á fjölmörgum sýningum safnsins og er sjálf starfandi ljósmyndari. Kristín lauk MFA gráðu í myndlist frá Pratt Institute í New York 1995 og hefur tekið þátt í sýningum víða síðan.

Kristín hefur áhuga á að skoða flestar tegundir ljósmyndunar.

Kristín Dagmar Jóhannesdóttir

Listrænn stjórnandi Gerðarsafns - Listasafns Kópavogs